Innflytjendur og íslenskt málsamfélag

Eiríkur Rögnvaldsson
uppgjafaprófessor og málfarslegur aðgerðasinni

STÉTTASKIPTING Í ÍSLENSKU MÁLSAMFÉLAGI
JAFNRÉTTISDAGAR, 7. FEBRÚAR 2023

Er íslenska erfitt tungumál?

- „Why is Icelandic such a difficult language to learn?“
  - þetta er spurning sem útlendingar spyrja iðulega
- Íslendingar vilja trúa því að íslenska sé mjög erfið
  - erfiðleikastig fer að verulegu leyti eftir móðurmáli málnema
  - og þeim tungumálum sem þau hafa haft kynni af
  - varla hægt að segja að íslenska sé erfiðari en gengur og gerist
- En Íslendingar eru ekki sérlega umburðarlyndir
  - gagnvart erlendum hreim, ófullkomnum beygingum o.þ.h.
  - leiðrétta útlendinga miskunnarlaust og óumbeðið
  - eða skipta yfir í ensku ef viðmælandinn talar ófullkomna íslensku
- Þetta veldur því oft að útlendingar gefast upp á íslenskunámi

Ástæður neikvæðra viðbragða

- Af hverju bregðast Íslendingar við á þennan hátt?
  - oft er ástæðan óþolinmæði gagnvart ófullkominni íslensku
  - við nennum ekki að leggja neitt á okkur til að skilja
- En stundum býr annað að baki
  - við leiðréttum eða skiptum yfir í ensku til að senda skilaboð:
  - „þú átt ekki heima hér“ – „þú ert ekki ein/einn/eitt af okkur“
- Þetta bitnar verst á fólki sem tekur virkan þátt í þjóðfélaginu
  - það fær á sig óvægna gagnrýni vegna ófullkominnar íslensku
  - en það sem það hefur til málanna að leggja fellur í skuggann
- Með þessu fælum við fólk frá virkri þjóðfélagsþátttöku
  - sem er óviðunandi bæði fyrir fólkið og lýðræðið

Íslenskt samfélag er orðið fjöltyngt

- Samsetning íslensks þjóðfélags hefur gerbreyst
  - fjöldi íbúa af erlendum uppruna nálgast 20%
- Þetta kemur ekki síst fram á vinnumarkaðnum
  - meira en helmingur félaga í Eflingu af erlendum uppruna
  - spáð að erlent starfsfólk verði helmingur vinnuafls um 2050
- Meginhluti þessa fólks á ekki ensku að móðurmáli
  - en lærir oft ensku á undan íslensku
  - vegna þess að enska er notuð sem samskiptamál við Íslendinga
  - og milli fólks af ólíku þjóðerni
- Þetta hefur margvísleg áhrif á fólk og samfélag
  - áhrif sem við erum ekki búin undir og höfum ekki tekist á við

Kröfur um íslenskukunnáttu

- Erlent starfsfólk í þjónustustörfum verður oft fyrir aðkasti
  - vegna skorts á íslenskukunnáttu
  - þótt engin krafa hafi verið gerð um slíkt við ráðningu í starf
- Slíkar athugasemdir eru þó oft skiljanlegar
  - það kunna ekki öll ensku þótt því sé oft haldið fram
- En barátta fyrir íslensku má ekki snúast upp í þjóðrembu
  - íslensku má aldrei nota til að útiloka fólk á ómálefnalegan hátt
  - eða gera með einhverju móti lítið úr því
- Kröfur um íslenskukunnáttu geta þó verið málefnalegar
  - „til að tryggja skilvirk samskipti við viðskiptavini, þar á meðal í störfum í þjónustugeiranum“ (Kærunefnd jafnréttismála)

Hætta á lagskiptu þjóðfélagi

- Hugsanlega kæra sumir atvinnurekendur sig ekki um að erlent starfsfólk þeirra læri íslensku
  - þá gæti það farið að gera meiri kröfur
  - og átta sig betur á réttindum sínum
- Hætta er á að íslenska verði notuð – meðvitað eða ómeðvitað – til að búa til lagskipt þjóðfélag
  - þar sem annars vegar erum „við“ – fólk sem ræður öllu, m.a. í krafti málfarslegra yfirburða, og situr að bestu bitunum
  - og svo „hin“ – fólk af erlendum uppruna, jafnvel önnur og þriðja kynslóð innflytjenda
  - sem hefur ekki gott vald á íslensku og kemst þess vegna hvergi áfram í skóla og á vinnumarkaði

Erlend málsamfélög

- Hér gætu myndast samfélög þar sem íslenska er ekki notuð
  - aðaltungumál væri pólska, litháíska eða annað erlent mál
  - en enska notuð sem samskiptamál við umhverfið
- Þetta væri vont fyrir alla aðila
  - það er hættulegt fyrir lýðræði í landinu ef til verða stórir hópar sem ekki eiga kost á virkri þátttöku í samfélagslegri umræðu
  - það gæti skapað grundvöll fyrir margs kyns öfgastefnur og óróa eins og fjöldi dæmi frá öðrum Evrópulöndum sýnir
- Þetta myndi einnig ógna íslenskunni verulega
  - ekki nóg með að stórir hópar landsmanna töluðu hana ekki
  - Íslendingar yrðu að nota ensku í samskiptum við þessa hópa

Íslenskukennsla kemur öllum til góða

- Atvinnurekendur fá hæfara starfsfólk
  - sem getur sinnt fjölbreyttari störfum, fellur betur inn í samfélagið og er líklegt til að vera ánægðara
- Fólkið sjálft verður sveigjanlegra
  - menntun þess og reynsla nýtist betur, og það eykur möguleika sína á vinnumarkaði
- Fólk af erlendum uppruna festir betur rætur
  - einangrast síður í samfélaginu, með öllum þeim erfiðleikum og hættum sem því geta fylgt
- Íslenskan blómstrar
  - notkunarsvið hennar stækkar í stað þess að dragast saman

Kennsla mismunandi hópa

- Aldrei verður hægt að kenna öllum sem koma íslensku
  - en fólk sem ætlar sér að setjast að vill yfirleitt læra málið
  - það áttar sig á því að íslenskukunnátta bætir stöðu þess
- En margt fólk kemur til skemmri dvalar
  - ætlar að vinna hér um tíma en ekki ílendast hér
  - það veit að íslenskan gagnast því hvergi nema á Íslandi
  - því er eðlilegt að það vilji ekki verja miklum tíma í íslenskunám
- Fólk í þjónustustörfum þarf að hafa samskipti við Íslendinga
  - það er hægt að ætlast til að því sé kenndur nauðsynlegasti orðaforði til að nota í samskiptum við viðskiptavini
- Auka þarf starfstengda íslenskukennsla á vinnustöðum

Raunsætt stöðumat er nauðsynlegt

- Það þarf að gæta réttinda fólks sem aðeins talar íslensku
  - margt fólk af eldri kynslóð treystir sér ekki til að hafa samskipti við annað fólk á ensku
- Það þarf að gæta réttinda fólks sem ekki talar íslensku
  - býr hér og starfar, greiðir hér skatta og hefur komið hingað til starfa án þess að kröfur væru gerðar um íslenskukunnáttu
- Það þarf að horfast í augu við að íslenska er örtungumál
  - óraunhæft að við getum notað hana alltaf, við allar aðstæður
  - sú krafa samrýmist ekki virkri þátttöku í tæknivæddu þekkingar-samfélagi á tímum alþjóðavæðingar og frjáls flæðis vinnuafls
  - og getur leitt til þess að við lokum okkur af og einöngrumst

Hugmyndir um íslensku í stjórnarskrá

- „Íslenska er ríkismál Íslands og skal ríkisvaldið styðja hana og vernda“
  - Drög að frumvarpi um breytingar á stjórnaskrá, 2021
- „Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna [...] tungumáls [...]“
  - Tillögur Stjórnlagaráðs að stjórnarskrá, 2011
- „Þessu ákvæði er ætlað að útiloka mismunun gagnvart fólki sem talar annað mál en íslensku eða aðra mállýsku en þá sem ráðandi er í samfélaginu hverju sinni“
  - Skýringar við tillögur Stjórnlagaráðs að stjórnarskrá, 2011
- Ákvæði um tungumál í stjórnarskrá gæti verið tvíbent

Tillit til mismunandi sjónarmiða

- Við þurfum að finna leið sem tekur tillit til fólks sem ekki á íslensku að móðurmáli
  - og gerir því kleift að bjarga sér og festa rætur í samfélaginu
  - án þess að íslenskan verði ævinlega víkjandi
- Við þurfum að halda því til streitu að íslenskan sé nothæf og notuð á öllum sviðum eftir því sem kostur er
  - en jafnframt gæta þess að skortur á kunnáttu og færni í íslensku sé ekki notaður til að mismuna fólki á ómálefnalegan hátt
- Eigi íslenska að lifa þarf hún að geta verið burðarás og meginsamskiptamál í fjölmenningarlegu samfélagi
  - en til þess þarf að stórefla kennslu íslensku sem annars máls

Takk fyrir áheyrnina!

eirikur@hi.is, eirikur.rognvaldsson@gmail.com

https://uni.hi.is/eirikur/ritaskra/malfarspistlar
https://www.facebook.com/groups/malspjall/